

Meðferð með sárasugu

Meðferð með sárasugu er sárameðferð sem flýtt getur því að sár grói. Svampur er lagður í sárið og festur með loftþéttri umbúðafilmu. Umbúðir eru tengdar við sárasugu og þannig myndaður undirþrýstingur í sárinu.

Umgengni við tæki

- Nauðsynlegt er að tækið sé í alltaf í gangi og að sogið virki, því þarf að skoða tækið og umbúðir nokkrum sinnum á sólarhring.
- Sárasugan gengur fyrir rafmagni. Í henni er rafhlaða sem þarf að hlaða reglulega. Gott er að venja sig á að hlaða sárasuguna á nóttunni.
- Við tækið er fest safnhylki sem tekur við vessa frá sárinu. Í því er skynjari sem lætur vita þegar hylkið er fullt og er þá nauðsynlegt að skipta um hylki.
- Gæta þarf þess að hvolfa ekki eða hrista tækið. Ef það gerist getur vessinn farið í skynjarann. Þá stöðvast sárasugan og gefur frá sér viðvörunarhljóð um að hylkið sé fullt.
- Nauðsynlegt er að sárasugan sé í viðeigandi tösku sem hægt er að bera á sér eða hengja á stól eða rúmstokk eftir því sem við á, því tækið er dýrt og viðkvæmt fyrir hnjaski og höggum. Ef þörf er á, má þvo töskuna í þvottavél við lágan hita en mikilvægt er að hún nái að þorna vel áður en tækið er sett aftur í hana.

Viðvörðunarljóð í tæki

Láta þarf heilbrigðisstarfsmenn vita ef viðvörðunarljóð heyrast frá sárasugu. Sárið má ekki vera án sogs í meira en samtals tvær klukkustundir á sólarhring, því þá er aukin hættu á sýkingu.

Sárasugan gefur frá sér viðvörðunarljóð ef:

- hylkið er fullt
- slangan er stífluð
- kveikt er á tækinu en ekki kveikt á sogi
- rafhlaða er að tæmast
- umbúðir eru óþéttar eða leki meðfram umbúðum

Eftirlit með sári

- Sárasogsmeðferð á ekki að vera sársaukafull, en borið getur á óþægindum fyrst eftir að kveikt er á tækinu og þegar svampur er fjarlægður við umbúðaskipti.
- Skipt er á umbúðum 2.-5. hvern dag, en það fer eftir ástandi sársins.
- Skoða þarf umbúðir nokkrum sinnum á dag. Svampurinn á að vera harður og krumpaður eins og rúsína. Ef svampurinn er mjúkur er það merki um að það sé ekki nægilegt sog á umbúðunum. Þá þarf að láta hjúkrunarfræðing vita.

Sturta

- Umbúðir eru vatnsheldar og mega blotna en tækið sjálft má alls ekki blotna.
- Stundum er óhætt að fara í sturtu, en það er alltaf í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni. Tækið er þá haft í gangi en tekið úr sambandi við rafmagn. Gæta þarf þess að tækið sé staðsett á öruggum og þurrum stað á meðan.

Meðferð með sárasugu utan spítala

Hafa þarf samband við lækni eða hjúkrunarfræðing ef:

- líkamshiti fer yfir 38,5°C
- verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- ferskt blóð kemur í slöngu eða safnhylki
- roði, kláði, útbrot eða eymsli eru við sárið
- umbúðir leka eða vond lykt kemur frá sári
- slökkt hefur verið á tækinu í samtals meira en tvær klukkustundir á síðustu 24 klst.
- tæki gefur frá sér viðvörunarhljóð

Ef upp koma vandamál tengt meðferðinni er hægt að leita til Sáramiðstöðvar Landspítala en utan dagvinnutíma til HNE, lýta- og æðaskurðeildar A4 á Landspítala í Fossvogi.

Símanúmer

Sáramiðstöð

825 1755 / 543 7390

HNE-, lýta- og æðaskurðeild A4

543 7354

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
MARS 2019
LSH-204

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI
ÆÐASKURÐLÆKNINGAÐEILDAR OG
YFIRLÆKNIR SKURÐLÆKNINGAÐEILDAR

HÖNNUN:

SAMSKIPTAÐEILD